



32. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn föstudaginn 23. mars 2018 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Oddur Skúlason, Aðalbjörn Arnarsson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson og Elías Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð.

Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. Eyrarvegur 16 – umsókn um viðbyggingu við vesturhlið

Lögð fram umsókn frá Faglausnum ehf. fyrir hönd Ísfélagsins, dags. 13.03.2018, um 148,9 m² viðbyggingu við vesturhlið frystihússins. Umsókninni fylgja teikningar.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir framlagða umsókn fyrir sitt leyti og vísar málinu til byggingarfulltrúa til meðferðar.

Samþykkt samhljóða

2. Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, dags. 1. mars 2018

Erindinu er vísað til nefndarinnar til umsagnar af sveitarstjórn.

Bókun um samþykkt: Nefndin fagnar landsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum sem fjallar um hvernig eigi að byggja upp helstu innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, leiðum og svæðum.

Samþykkt samhljóða

3. Styrktarsjóður EBÍ 2018, erindi dags. 21. febr. sl., til umsagnar

Lagt er fram bréf frá EBÍ sem sveitarstjórn vísaði til nefndarinnar til umsagnar.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til að sótt verði um styrk til verkefnis sem hafi það að markmiði að viðhalda og bæta skráningu gamalla örnefna í sveitarfélaginu og skrá sögu landnáms Gunnólfs Kroppa.

Samþykkt samhljóða.

4. Hreinsunardagur 2018

Fram fóru umræður um árlegan hreinsunardag í sveitarfélaginu.

Samþykkt um afgreiðslu: Hreinsunardagur mun verða annan laugardag í maí.

5. Önnur mál



LANGANESBYGGÐ

4.1. Umsókn um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám við Langholt 1a vegna framkvæmda frá Aðalbirni Arnarssyni lögð fram.

Bókun um samþykkt: Stöðuleyfi veitt til 12 mánaða frá og með 23. mars 2018.

Samþykkt samhljóða

4.1. Sveitarstjóri fór yfir ýmis mál sem í gangi eru svo sem hugmyndir deilskipulagsvinnu ofl

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:11.